

Fyrirspurn

til viðskiptaráðherra um vexti útlána banka og sparisjóða.

Frá Katrínu Júlíusdóttur.

1. Hverjir voru meðalvextir verðtryggðra og óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða til fyrirtækja annars vegar og heimila hins vegar á árinu 2002 og á fyrri hluta ársins 2003? Óskað er eftir að fram komi hverjir vextirnir voru á útistandandi lánum í lok árs 2002 og í lok júní 2003 sem og á nýjum veittum lánum á þessu tímabili.
2. Hversu mikið lögðu bankar og sparisjóðir í afskriftareikning í hlutfalli við útistandandi lán á árunum 1998–2002, annars vegar vegna fyrirtækja og hins vegar heimila?
3. Hversu mikil voru töpuð útlán í hlutfalli við útistandandi lán vegna fyrirtækja annars vegar og heimila hins vegar á árunum 1998–2002?

Skriflegt svar óskast.